



**Mannréttindayfirlýsing
Sameinuðu þjóðanna**

Útgefendur:

Mannréttindaskrifstofa Íslands / www.mannrettindi.is

Utanríkisráðuneytið / www.utanrikisraduneyti.is

10. desember 2008

© 2008 Mannréttindaskrifstofa Íslands og utanríkisráðuneytið

ISBN 978-9979-9177-9-3

Umsjón: Auður Birna Stefánsdóttir og Guðrún D. Guðmundsdóttir

Hönnun og umbrot: Áslaug Rán Einarsdóttir / www.aslaugran.com

Mynd á forsiðu: Theresa Himmer

Prentun: Leturprent

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, s.s. með ljósmyndun eða á annan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefenda.

**Mannréttindayfirlýsing
Sameinuðu þjóðanna**

Formáli utanríkisráðherra

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt af allsherjarþinginu 10. desember 1948. Yfirlýsingin kveður á um að sérhver manneskja sé borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum. Hún kveður á um að allir eigi jafnt tilkall til þeirra mannréttinda sem felast í yfirlýsingunni án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætt-ernis eða annarra aðstæðna.

Með yfirlýsingunni var lagður grunnur að hinu alþjóðlega mannréttindakerfi nútímans og hún hefur með árunum orðið viðurkennt leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda um allan heim.

Okkur, sem búum í landi þar sem mannréttindi eru í heiðri höfð, hættir til að taka mannréttindum sem sjálf-sögðum hlut. Það er hins vegar mikil-

vægt að gera sér grein fyrir að það var fyrir sameiginlegt átak og fórnir þúsunda sem mannréttindi náðu þeirri almennu viðurkenningu og útbreiðslu sem þau hafa í dag.

Til að standa vörð um mannréttindi, og styrkja og stuðla enn frekar að virðingu fyrir þeim, er brýnt að fólk þekki rétt sinn. Með það í huga ákvað utanríkisráðuneytið í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands að gefa út þetta rit í tilefni af 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingarinnar.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna skiptir okkur öll máli og er það einlæg ósk mín að þessi útgáfa veiti lesendum, og þá sérstaklega æsku landsins, innblástur og verði hvatning að aukinni umræðu í þjóðfélaginu um þennan mikilvæga málaflokk.

Fjöldi ungra listamanna lagði verk-

efninu lið og prýða myndskreytingar þeirra ritið. Ég kann öllum þeim sem að þessu verki komu bestu þakkir fyrir.



A handwritten signature in blue ink, which reads "Ingibjörg Sólrún Gísladóttir". The signature is fluid and cursive, written over a light blue horizontal line.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
utanríkisráðherra.

Ríki, einstaklingar og stofnanir samfélagsins skulu kappkosta að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og frelsi svo ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar séu viðurkennd og þeim framfylgt um allan heim.

Inngangsorð

Í kjölfar voðaverka heimsstyrjaldarinnar síðari samþykkti alþjóðasamfélagið skjal sem ætlað var að leggja hornsteininn að nýrri heimsskipan. Mannréttindayfirlýsingin er fyrsta alþjóðlega viðurkenning þess að mannréttindi og frelsi sé réttur allra manna, alls staðar, en með því markar hún þáttaskil í heims-sögunni.


Mannréttindayfirlýsingin áréttar göfgi og gildi mannsins og byggir á því að allir hafi sömu óafsalanlegu mannréttindi; réttindi sem eru okkur nauðsynleg vegna þess að við erum manneskjur. Við krefjumst öll jafnra tækifæra og mannsæmandi lífskjara, og höfum þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól. Við viljum geta haft áhrif á samfélagið sem við búum í og fá tækifæri til að njóta gæða þess. Í mannréttindum felst einnig vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og

þau vinna gegn vanþekkingu og skorti á umburðarlyndi. Mannréttindi gera okkur kleift að byggja samfélag sátta og samlyndis.

Mannréttindayfirlýsingin hefur ómælda þýðingu fyrir heimsbyggðina alla en áhrifa hennar gætir í lögum og stjórnarskrám um víða veröld. Lögin nægja þó ekki ein og sér; til þess að sækja rétt sinn og virða rétt annarra verður fólk að vita hvað felst í mannréttindum. Útbreiðsla yfirlýsingarinnar og þekking á ákvæðum hennar er þannig mikilvæg forsenda mannvæns samfélags þar sem fólk nýtur jafnréttis, borgaralegra og stjórnmalalegra réttinda og óttaleysis um líf og afkomu.

List, í sinni margvíslegu mynd, hefur frá örófi alda miðlað vitneskju og tjáð skoðanir. Í telfni af 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingarinnar hafa fimmtán

ungir listamenn verið fengnir til að gæða ákvæði hennar lífi. Afraksturinn er frábær en á næstu blaðsíðum má sjá margvíslega nálgun og ólíkan stíl listafólksins ásamt einfölduðum texta mannréttindayfirlýsingarinnar. Opinbera útgáfu textans er að finna í lok bókarinnar ásamt upplýsingum um listafólkið. Það er von mín að þetta rit veiti skemmtilega sýn á mannréttindayfirlýsinguna og gagnist til að vekja fólk til umhugsunar um rétt sinn og skyldur gagnvart náunganum og samfélaginu.



Guðrún Dögg Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri
Mannréttindaskrifstofu Íslands.



1.
grein

Allir eru bornir frjálsir og jafnir.
Allir eru gæddir skynsemi og
samvisku og við eigum að koma
fram hvert við annað af virðingu.



2.
grein

Allir hafa sömu réttindi óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trú, stjórnmálaskoðunum eða öðrum skoðunum.



3.
grein

Þú hefur rétt til lífs, frelsis
og öryggis.



4.
grein

Enginn getur átt aðra manneskju,
selt hana eða keypt. Þrælahald er
alltaf bannað.

5.
grein




Pyndingar eru alltaf bannaðar. Enginn hefur rétt til að meiða þig.



6.
grein

Allir hafa rétt til viðurkenningar sem einstaklingar að lögum.

Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra.



7.
grein

Þú átt rétt á lagalegri vernd þegar brotið er gegn rétti þínum.



8.
grein



9.
grein


Enginn hefur rétt til að handtaka þig, svipta þig frelsi eða senda þig í útleigð án gildrar ástæðu.



10.
grein

Þú átt rétt á réttlátri og opinberri málsmeðferð fyrir óháðum dómstól.

11.
grein



Þú ert saklaus uns sekt þín er sönnuð. Það má ekki dæma þig fyrir glæp sem var refsilaus þegar hann var framinn.



12.
grein


Enginn má fara inn á heimili þitt, lesa bréf þín eða raska ró þinni eða fjölskyldu þinnar án gildrar ástæðu.

13.
grein




Þú hefur rétt til ferðafrelsis og dvalar innanlands. Þér er frjálst að ferðast til og frá landi þínu og til að flytjast úr landi ef þú vilt.

Þú hefur rétt til að leita hælís erlendis ef þú verður fyrir ofsóknum eða átt ofsóknir á hættu.



Þú hefur rétt til ríkisfangs og til að tilheyra landi þínu. Það má ekki svipta þig ríkisfangi eða banna þér að skipta um ríkisfang án gildrar ástæðu.

15.
grein



Fullorðnir hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu.
Jafnrétti skal ríkja í hjónabandinu og ríkinu ber að vernda fjölskylduna.





17.
grein

Pú hefur rétt til að eiga eignir. Það má ekki taka af þér eignir þínar án gildrar ástæðu.




Pú hefur rétt til að hafa þær lífsskoðanir sem þig lystir. Þú hefur rétt til að trú á það sem þú vilt eða vera trúlaus. Þú hefur rétt til að skipta um trú og til að rækja trú þína eins og þú vilt.



19.
grein


Þú hefur rétt til að hafa þær skoðanir sem þig lystir, án ótta við refsingu. Þér er frjálst að leita að, taka við og miðla upplýsingum innanlands og á milli landa.




Þú hefur rétt til að funda friðsamlega með öðrum. Þú hefur rétt til að stofna félag en enginn má skylda þig til að vera í félagi.

21.
grein

Þú hefur rétt til að taka þátt
í stjórn lands þíns beint eða með
því að kjósa í reglulegum, frjálsum
og almennum kosningum.





Þú hefur rétt til mannsæmandi lífskjara, félagslegs öryggis og þeirra efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttinda sem eru nauðsynleg til þess að þú getir þroskast og lifað með reisn.

Pú hefur rétt til að velja þér starf og til þess að vinna við heilsusamleg skilyrði gegn sanngjörnum launum án mismununar. Þú hefur rétt til að stofna og ganga í stéttarfélag og rétt til félagslegrar verndar.

23.
grein



Pú hefur rétt til hvíldar frá vinnu
og til þess að fara í frí á launum.



24.
grein

Þú hefur rétt til mannsæmandi lífskjara; fæðis, klæða, húsnæðis og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð.

25.
grein




Allir hafa rétt til ókeypis menntunar á grunnskólastigum. Aðgangur að framhaldsnámi er jafn fyrir alla. Menntun skal stuðla að þroska einstaklingsins og virðingu fyrir mannréttindum. Foreldrar ráða menntun barna sinna.



Þú hefur rétt til að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins, í listum og vísindastarfi og til að njóta góðs af framförum í vísindum. Hugverkaréttindi þín skulu vernduð.


27.
grein





28.
grein

Þú hefur rétt til að búa við sam-
félagsskipulag sem tryggir að
mannréttindi þín séu virt.



29.
grein

Þú hefur skyldur við samfélagið og meðborgara þína en farsælt samfélag er forsenda þess að þú getir þroskast sem manneskja. Í undantekningartilfellum má takmarka réttindi þín en aðeins til að vernda réttindi annarra, vegna siðgæðis, almannaheilla eða í þágu velferðar almennings.



Enginn má brjóta gegn þeim réttindum og því frelsi sem kveðið er á um í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Listamenn



Theresa Himmer (DK/CZ) útskrifaðist úr deild tilraunakenndrar byggingar- og landslagshönnunar við Arkitektaskólann í Árósum árið 2003 og hefur starfað í New York, Danmörku og á Íslandi. Með verkefnum sem spanna frá hönnun bygginga til borgarinnsetninga og myndskreytinga, er hún að rannsaka sviðið á milli arkitektúrs, lista og hönnunar.
www.theresahimmer.com




Áslaug Rán Einarsdóttir útskrifaðist með BA-gráðu í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands vorið 2007. Frá árinu 2005 hefur hún unnið bæði á auglýsingastofunni Skapararam og Íslensku auglýsingastofunni ásamt því að vinna sjálfstætt að ýmsum verkefnum.
www.aslaugran.com
aslaugran@aslaugran.com




Jónas Valtýsson starfar sem grafískur hönnuður. Hann hefur mikinn áhuga á tónlist og hefur þar af leiðandi mestan áhuga á verkefnum tengdum tónlist. Jónas reynir að tvíanna ljósmyndun og grafíska hönnun eins mikið saman og hann getur í verkum sínum.
www.jonasval.com




Ragnar Freyr Pálsson er sjálfstætt starfandi grafískur hönnuður og ráðgjafi.
www.ragnarfreyr.com
r@ragnarfreyr.com




Alli Metall útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá LHÍ árið 2005 en hefur starfað sem slíkur frá 1997. Hann leggur áherslu á að hanna fyrir ólíka miðla og hefur mikinn áhuga á að hanna fyrir tónlistarmenn. Metallinn hefur unnið til ýmissa verðlauna á sviði grafískrar hönnunar, t.d. fyrir geisladiska-, merkja- og vefsíðuhönnun.
www.allimetall.com



Bjarni Helgason lauk MA-prófi í MediaArts frá Kent Institute of Art and Design í Bretlandi árið 2004. Áður hafði hann lokið prófi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur unnið hjá ýmsum auglýsingastofum en undanfarið hefur hann verið sjálfstætt starfandi hönnuður. Bjarni er einnig stundakennari við LHÍ.
www.nothing.is




Pórey Mjallhvít Ómarsdóttir lærði hreyfimyndagerð í Bretlandi. Að námi loknu vann hún hjá bresku teiknimyndafyrirtæki sem kvikari og hönnuður en starfar nú sjálfstætt sem teiknari. Pórey hefur unnið margs konar myndskreytingarverkefni auk stuttmynda sem hafa meðal annars verið sýndar á kvikmyndahátíðarfærbandinu og í sjónvarpi.
www.thorey.co.uk




Úlfur Kolka útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2008. Árið 2007 lagði hann einnig stund á grafíska hönnun við Universidad Politécnica de Valencia. Hann hefur meðal annars tekið þátt í samsýningunum Rjóma, Niunni-Mynda-sögumessu og útskriftarsýningu LHÍ.
www.ulfurkolka.com
yo@ulfurkolka.com



Þórdís Claessen útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2001 og hefur unnið á Hvíta Húsinu og 1001 nótt. Hún stofnaði bolabúðina Ósóma ásamt vini en hefur einnig unnið sjálfstætt að ýmsum verkefnum, svo sem útliti unglingsþjónustu Landsbankans „Klassi.is“ og útgáfu götulistarbókarinnar ICEPICK. Þórdís vinnur nú að bókahönnun fyrir Torfusamtökin og Nikitachlothing.com.
www.thordis.com



Una Lorenzen fæst við kvik- og hreyfimyndagerð. Hún lærði grafíska hönnun við Listaháskóla Íslands en hefur búið til fjölda stuttmynda og tónlistarmyndbönd. Una leggur nú stund á nám í tilraunahreyfimyndagerð við CalArts í Kaliforníu þar sem hún vinnur að lokaverkefni sínu.
una@this.is



Steinar Júlíusson lauk BA-prófi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands vorið 2007. Síðan þá hefur hann unnið á auglýsingastofunum Vatikaninu og H:N Markaðssamskiptum. Hann hefur unnið fjölda hönnunar- og myndlistarverkefna ásamt því að stunda ljósmyndun en hana tvinnar hann inn í verkefni. Úrval verka Steinars má sjá á vefsíðunni: www.steinarjul.com



Siggeir Hafsteinsson er sjálfmenntaður grafískur hönnuður sem hefur starfað við hönnun síðastliðin ellefu ár ásamt því að þróa sína eigin list. Verk Siggeirs eru sambland af ljósmyndum og grafík og fela iðulega í sér sterk skilaboð um samfélagið.
www.digital.sys.is



Heiðrún Tinna Haraldsdóttir lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Garðabæjar árið 2004 með viðbótareiningum frá Myndlistarskóla Reykjavíkur árið 2005. Hún lauk BA-prófi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2008 og stefnir á framhaldsnám í Academy of the Art University í San Francisco.
www.heisu.com



Bobby Breiðholt. Maður tekur því stundum sem sjálfsögðum hlut að hafa frelsi og rétt til að tjá sig á skapandi hátt án afskipta þeirra sem ráða. Við erum afar gæfusöm að búa í þannig samfélagi. Það á því miður ekki við um alla og því eru orðin í þessari yfirlýsingu svo mikilvæg.
www.breidholt.com



Anton Kaldal er á lokaári í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Sumarið 2008 stundaði hann nám við Basel Schule für Gestaltung í Sviss en áður hafði hann lokið fornámi við Myndlistaskólann í Reykjavík. Anton hefur brennandi áhuga á tónlist og er alltaf opin fyrir skemmtilegum verkefnum.
www.tonikaldal.com

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948

Inngangsorð

Þar sem viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

þar sem mannréttindi hafa verið vanvirt og smánuð hefur það leitt til siðlausra óhæfuverka, sem ofboðið hafa samvisku mannkynsins, og þar sem því hefur verið yfir lýst sem æðsta markmiði mannsins að lifa í heimi þar sem allir fá notið tjáningar- og trúfrelsis, séu óttalausir og þurfi ekki að líða skort,

þar sem brýnt er að vernda mannréttindi með lögum svo eigi verði gripið til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn harðstjórn og kúgun,

þar sem brýnt er að efla vinsamleg samskipti þjóða,

þar sem trú á grundvallarmannréttindi, göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla hefur verið staðfest í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna

þar sem samtökin hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og betri lífsskjörum við aukið frelsi,

þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa heitið því að efla, sjálf og í samvinnu við samtökin, almenna virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi í orði og verki,

þar sem sameiginlegur skilningur á réttindum þessum og frelsi er forsenda þess að slík fyrirheit verði að veruleika,

kunngjörir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna mannréttindayfirlýsingu þessa sem sameiginlegt markmið allra þjóða og ríkja með það fyrir augum að sérhver einstaklingur og allar stofnanir samfélagsins hafi yfirlýsinguna ávallt í huga og kappkosti, með fræðslu og menntun, að stuðla að virðingu fyrir réttindum þessum og frelsi með fram-sæknum aðgerðum, heima fyrir og á alþjóðavettvangi, svo að tryggja megi, um heim allan, að ákvæði yfirlýsingarinnar séu viðurkennd og þeim sé framfylgt í raun, bæði meðal þjóða aðildarríkjanna sjálfra og þjóða á yfirráðasvæðum þeirra.

1. grein

Allir eru bornir frjálssir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.

2. grein

Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.

3. grein

Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.

4. grein

Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun. Hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu bönnuð.

5. grein

Enginn skal sæta pyndingum, grimmi-legri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

6. grein

Allir eiga rétt á viðurkenningu að lögum, hvar í heimi sem er.

7. grein

Allir skulu jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra, án nokkurrar mismununar. Ber öllum jafn réttur til verndar gegn hvers konar mismunun, sem í bága brýtur við yfirlýsingu þessa, svo og gagnvart hvers konar áeggjan til slíkrar mismununar.

8. grein

Hver sá sem sætir meðferð, sem brýtur í bága við grundvallarréttindi þau sem tryggð eru í stjórnarskrá eða lögum, skal eiga rétt á raunhæfu úrræði fyrir lögberum dómstólum landsins.

9. grein

Enginn skal að geðþótta handtekinn, sviptur frelsi eða gerður útlægur.

10. grein

Allir skulu jafnir fyrir dómstólum og njóta réttlátrar, opinberrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómi, þegar skorið er úr um réttindi þeirra og skyldur eða sök sem þeir eru bornir um refsivert brot.

11. grein

1. Hvern þann sem borinn er sökum fyrir refsivert brot skal telja saklausan uns sekt er sönnuð að lögum í opnu réttarhaldi, enda hafi verið tryggð öll nauðsynleg úrræði til að halda uppi vörnum.
2. Engan skal telja sekan um refsivert brot vegna athafnar eða athafnaleysis, sem var refsilaust að landslögum eða þjóðarétti þegar athöfnin eða athafnaleysið átti sér stað. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en lög þá leyfðu.

12. grein

Eigi má að geðþótta raska einkalífi, fjölskyldulífi, heimili eða bréfaskriftum nokkurs einstaklings, né heldur ráðast á æru hans eða mannorð. Ber öllum lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum.

13. grein

1. Allir skulu frjálssir ferða sinna og dvalar innan landamæra hvers ríkis.
2. Allir skulu hafa rétt til að fara af landi burt, hvort sem er af sínu landi eða öðru, og eiga afturkvæmt til heimalands síns.

14. grein

1. Allir hafa rétt til að leita og njóta gríðlands erlendis gegn ofsóknum.
2. Enginn má þó skírskota til slíkra réttinda, sé sá lögsóttur með réttu fyrir ópólitísk afbrot eða háttsemi er brýtur í bága við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

15. grein

1. Allir hafa rétt til ríkisfangs.
2. Engan má að geðþótta svipta ríkisfangi eða rétti til þess að skipta um ríkisfang.

16. grein

1. Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis við stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.
2. Til hjúskapar skal ekki stofnað nema með frjálsum og fullu samþykki hjónaefna.
3. Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining samfélagsins og ber samfélagi og ríki að vernda hana.

17. grein

1. Öllum skal heimilt að eiga eignir, einum sér eða í félagi við aðra.
2. Enginn skal að geðþótta sviptur eign sinni.

18. grein

Allir skulu frjálsir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu, og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu, og helgihaldi.

19. grein

Allir skulu frjálsir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

20. grein

1. Allir hafa rétt til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum.
2. Engan má skylda til að vera í félagi.

21. grein

1. Allir hafa rétt til að taka þátt í stjórn lands síns, beint eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum.
2. Allir eiga jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu.
3. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningaréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.

22. grein

Allir þjóðfélagsþegnar skulu, fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efna- hagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.

23. grein

1. Allir hafa rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.
2. Allir skulu, án nokkurrar mismununar, eiga rétt á sömu launum fyrir sömu störf.
3. Allir, sem vinnu stunda, skulu bera úr bítum sanngjarnt og hagstætt endurgjald er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi lífskjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur.
4. Allir hafa rétt til að stofna stéttarfélag og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

24. grein

Allir hafa rétt til hvíldar og tómskunda og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof á launum.

25. grein

1. Allir eiga rétt á lífskjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst þar til fæði, klæði, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagsleg þjónusta, svo og réttur til öryggis vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, fyrirvinnumissis, elli eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert.
2. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn, hvort sem þau eru fædd innan eða utan hjónabands, skulu njóta sömu félagslegu verndar.

26. grein

1. Allir hafa rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum. Grunnskólamenntun skal vera skylda. Starfsmenntun og sérmenntun skal standa öllum til boða og háskólamenntun vera öllum jafnfrjáls á hæfnisgrundvelli.
2. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar.
3. Foreldrar skulu öðrum fremur ráða hvernar menntunar börn þeirra skuli njóta.

27. grein

1. Öllum ber réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins, njóta lista, eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi ábata er af þeim leiðir.
2. Allir skulu njóta verndar þeirra hagsmuna, í andlegum og efnalegum skilningi, er leiðir af vísindaverki, ritverki eða listaverki sem þeir eru höfundar að.

28. grein

Allir hafa rétt til þess samfélags- og alþjóðaskipulags er hrindi að fullu í framkvæmd þeim réttindum og því frelsi sem í yfirlýsingu þessari eru upp talin.

29. grein

1. Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins.
2. Við beitingu réttinda sinna og frelssis skulu allir háðir þeim takmörkunum einum sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir réttindum og frelsi annarra og til þess að fullnægja réttlátum kröfum um siðgæði, almanna-reglu og velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.
3. Réttindum þessum og frelsi má aldrei beita þannig að í bága fari við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

30. grein

Ekkert í yfirlýsingu þessari má túlka á þann veg að nokkru ríki, hópi eða einstaklingi sé heimilt að aðhafast nokkuð það er stefni að því að gera að engu einhver þau réttindi eða frelsi sem hér hafa verið upp talin.



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



9 781234 567897